



Hafnarfjörður

Málsnr. 2209191

Erindi: Tillaga til samþykktar vegna styttingu vinnuviku grunnskólakennara

Samkvæmt kjarasamningum grunnskólakennara þá hefur vinnutími kennara verið stytur um 13 mín. á dag og skólunum falið það verkefni að vinna tillögur með skipun vinnutímahópa að styttingu vinnutíma á dags, viku, mánaðar eða ársgrundvelli.

Eftirfarandi skólar hafa stofnað vinnutímahópa og unnið í samráði við skólastjóra tillögur til styttingar vinnutíma: Lækjarskóli, Víðistaðaskóli, Skarðshlíðarskóli, Hvaleyrarskóli, Hraunvallaskóli, Setbergsskóli, Engidalsskóli, Áslandsskóli og Öldutúnsskóli.

Allir skólar hafa lagt fram til atkvæðagreiðslu sínar tillögur og þær allar verið samþykktar af meirihluta starfsmanna hvers skóla.

Tillögur skólanna byggjast mikið á að stytta undirbúningsdaga og frágangsdaga fyrir byrjun og við lok skólaárs. Nýta þemadaga og skerta daga til styttingar. Skilgreina betur dagskrá funda, hverjir þurfa að vera á þeim, fækka fundum og hafa þá rafræna og markvissari. Nýta tíma betur og hafa t.d. verið haldin tímastjórnunarnámskeið til að ná því markmiði. Flestir skólar hafa því nýtt heimild til að stytta á ársgrundvelli vinnutíma kennara.

Undir málinu er Excel skjal þar sem hver skóli hefur útlistað sína tillögu, aðgerðir og markmið/mælikvarða til næstu 6 og 12 mánaða.

Staðgengill sviðsstjóra mennta- og lýðheilsusviðs Hrund Apríl Guðmundsdóttir, mannauðsstjóri Kristín Sigrún Guðmundsdóttir og Haukur Þór Arnarson deildarstjóri launadeildar hafa farið yfir tillögur skólanna og leggja til að bæjarráð samþykki þær eins og þær koma fram.